



Borgargata Árbæ - Verkhönnun

ÚTBOÐ nr. 15652

Útboðslýsing

Kaupandi:

Umhverfis- og skipulagssvið

Umsjónaraðili:

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

September 2022

Efnisyfirlit

0. ÚTBOÐSSKILMÁLAR	4
0.1 Almenn lýsing útboðs.....	4
0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar.....	4
0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs	4
0.1.3 Útboðsgögn	4
0.2 Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti	5
0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun.....	5
0.4 Hæfi bjóðanda.....	5
0.4.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda.....	5
0.4.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu.....	5
0.4.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu.....	6
0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði.....	8
0.6 Gerð, framsetning og afhending tilboðs	8
0.6.1 Tilboð í hluta.....	9
0.6.2 Fyrirvarar.....	9
0.6.3 Frávikstilboð	9
0.6.4 Afturköllun tilboða	9
0.7 Opnun tilboða	9
0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs.....	9
0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna	10
0.10 Samþykki tilboðs og samningur	10
1. SAMNINGSSKILMÁLAR	10
1.1 Verðlagsgrundvöllur.....	10
1.2 Greiðslur	10
1.2.1 Rafrænir reikningar	11
1.2.2 UNSPSC vöruflokkun	11
1.3 Samskipti á samningstíma.....	12
1.4 Afhending og afhendingarskilmálar	12
1.5 Fávíti.....	13
1.6 Óviðráðanleg ytri atvik.....	13
1.7 Ábyrgð og tryggingar.....	13
1.8 Misræmi í gögnum	13
1.9 Framsal réttinda.....	14
1.10 Skuldskeyting - undirverktaka.....	14
1.11 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð.....	14
1.12 Persónuvernd.....	14
1.13 Ábyrg innkaup	15

1.14	Vanefndir og uppsögn.....	15
1.15	Lög og reglugerðir	15
1.16	Ágreiningsmál	15
1.17	Höfundar- og eignarréttur	15
2.	TÆKNILÝSING.....	16
2.1	Almennt	16
2.1.1	Yfirlit	16
2.1.2	Samskipti við verkkaupa og veitufyrirtæki	17
2.1.3	Skil og yfirferð gagna.....	18
2.1.4	Mælingar	19
2.1.5	Jarðvegsathuganir – prufuholur - mengun.....	19
2.1.6	Hnita- og hæðarkerfi	19
2.1.7	Stærð teikninga og mælikvarðar	19
2.1.8	Planlega	19
2.1.9	Hæðarlega	19
2.1.10	Blágrænar ofanvatnslausnir	19
2.1.11	Gróðursvæði og heildaryfirbragð torgs.....	20
2.1.12	Gatnalýsing, stígalýsing og lýsing á torgi	20
2.1.13	Raflagnir fyrir borgargötur og torg.....	20
2.1.14	Snjóbræðsla.....	20
2.1.15	Hljóðvarnir.....	20
2.1.16	Skilti og merkingar.....	20
2.1.17	Breytingar og raunteikningar	20
2.2	Magntökuskýringar	21
2.2.1	Hönnunarstjóri	21
2.2.2	Landmælingar.....	21
2.2.3	Yfirlitsteikningar	21
2.2.4	Gatna- og torghönnun.....	21
2.2.5	Gróður	22
2.2.6	Hönnun blágrænna ofanvatnslausna	22
2.2.7	Hönnun lýsingar á borgargötum og torgi	22
2.2.8	Hönnun raflagna fyrir lýsingu, viðburðartengla o.fl.	22
2.2.9	Hönnun snjóbræðslu.....	23
2.2.10	Hljóðvistarhönnun.....	23
2.2.11	Skilti og merkingar.....	23
2.2.12	Vinnusvæðamerkingar og umferð á framkvæmdartíma.....	23
2.2.13	Útboðsgögn og kostnaðaráætlanir.....	23
2.2.14	Útboðsgögn eftirlit	23
2.2.15	Tímavinna - Aukaverk.....	24

0. Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þær reglur sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram kröfur um hæfi sem bjóðanda ber að uppfylla samkvæmt nánari skilgreiningu í útboðsgögnum.

0.1 Almenn lýsing útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd Innkaupaskrifstofa), f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs (hér eftir nefndur kaupandi) óskar eftir tilboðum í verkhönnun á borgargötu í Árbæ með torgi, strætóstöðvum, hjóla- og gönguleiðum ásamt hraðalækkandi aðgerðum sem og gerð útboðsgagna fyrir framkvæmd og framkvæmdaefirlit samkvæmt þessum útboðsgögnum. Um er að ræða almennt útboð þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð.

0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

- EES útboð: Nei.
- Fyrirspurnarfrestur bjóðanda: 13. september 2022.
- Svarfrestur kaupanda: 16. september 2022.
- Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 20. september 2022 kl. 10:15.
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur frá opunardegi tilboða.

0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 411-1111

Netfang Innkaupaskrifstofu: utbod@reykjavik.is

Útboðsvefur Reykjavíkurborgar: <http://utbod.reykjavik.is>

Vefsíða Innkaupaskrifstofu: <http://reykjavik.is/utbod>

0.1.3 Útboðsgögn

- Útboðslýsing þessi nr. 15652.
- Tilboðsbók nr. 15652
- Fylgiskjal 1 – Hverfisskipulagsuppdráttur útgáfa B, 12.9.2019.
- Fylgiskjal 2 - Handbók um borgargötu í Árbæ.
- Fylgiskjal 3 - Frumhönnunargögn heildarsvæðis, unnin 2020 af EFLU.
- Fylgiskjal 4 - Forhönnunargögn 1. Hluta, unnin 2021 af EFLU.
- Skipulagsgögn fyrir Árbæ: <https://skipulag.reykjavik.is/hverfisskipulag/kynning/arbaer/>, þar er að finna Bók 1: <https://skjol.hvsk.is/tillogur/arbaer/Arbaer-B1-Greinargerð.pdf> og Bók 2: <https://skjol.hvsk.is/tillogur/arbaer/Arbaer-B2-Skilmalar.pdf> og önnur skipulagsgögn.
- Hverfasjá: <https://sja.hvsk.is/arbaer>.
- Íslenskir staðlar. ÍST - 30 6. útgáfa 2012-01.09. eftir því sem við á í verðfyrirspurn þessari og væntanlegum verksamningi.
- Íslenskur staðall. ÍST 35:2018.
- Opinberar reglugerðir, er varða verkefni þetta.



- Lýsing gangbrauta og gönguþverana, leiðbeiningarskjal frá Reykjavíkurborg, útg. 2021
- Götu- og stígalýsing – Hönnun, leiðbeiningarskjal frá Reykjavíkurborg nr. VLD-062, útgáfa 02 ásamt gátlista.
- Viðaukar sem sendir eru út áður en tilboðsfrestur rennur út af Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, ef við á, í samræmi við kafla 0.2.

Hér eftir verður vísað til allra ofangreindra útboðsgagna sem Útboðsgögn nr. 15652.

0.2 Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti

Öll samskipti skulu fara fram með skriflegum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar í gegnum flipann „Samskipti/ Correspondence“ fyrir þetta útboð á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér útboðsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á útboðsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða birtir á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Bjóðendur bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd útboðsins á útboðsvefnum.

0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Ekki verður boðið upp á kynningarfund eða vettvangsskoðun í þessu útboði.

0.4 Hæfi bjóðanda

0.4.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna starfsréttinda til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna starfsréttinda verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðendur skulu vera skráðir í fyrirtækjaskrá. Þegar um er að ræða fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal fyrirtæki sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki sínu með vottorði.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegu vottorði frá heimaríki sínu.

0.4.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna fjárhagsstöðu verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.

Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.

Bjóðandi skal vera með jákvætt eigið fé.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. Sé síðasti ársreikningur ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda er heimilt að leggja fram yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda um jákvæða eiginfjárstöðu umsækjanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu umsækjanda eigi fyrr en 10 dögum fyrir opnunartíma tilboða og eigi síðar en degi fyrir opnunartíma tilboða.

0.4.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðandi skal sýna fram á reynslu og hæfi starfsmanna sem boðnir eru til verkefnisins með því að skila:

- ✓ Starfsferilskrá og tilvísun í sambærileg verk sem viðkomandi hefur unnið.
- ✓ Einhver af þeim starfsmönnum sem boðnir eru til verksins skal vera handhafi gilds skírteinis í vinnusvæðamerkingum. Tiltaka skal hver það er.
- ✓ Einhver af þeim starfsmönnum sem boðnir eru til verksins skal hafa sótt námskeið í umferðaröryggisrýni. Tiltaka skal hver það er.

Verkkaupa er heimilt að taka tillit til reynslu sinnar af starfsmönnum bjóðanda frá fyrri verkum.

Telji verkkaupi starfsmenn óhæfa á einhvern hátt áskilur verkkaupi sér rétt til að óska eftir því að bjóðandi tilnefni eins fljótt og mögulegt er annan starfsmann sem verkkaupi samþykkir.

Hönnunarstjóri

Gerð er krafa um að hönnunarstjóri hafi a.m.k. 5 ára almenna starfsreynslu sem verkfræðingur, tæknifræðingur eða landslagsarkitekt og hafi staðgóða þekkingu á hönnun borgarumhverfis, gatna, stíga, lagna, lýsinga og umhverfis auk þekkingar á gerð útboðslýsinga og annarra atriða sem máli skipta varðandi hönnun og útfærslu aðgerða á götum, torgum og gönguleiðum.

Hönnunarstjóri skal einnig hafa reynslu af vinnu í þverfaglegu teymi og reynslu af því að vera samræmingaraðili gagnvart Veitum og hönnuðum á þeirra vegum.

Gatna- og stígahönnuður

Gerð er krafa um að gatna- stígahönnuður hafi a.m.k. 5 ára almenna starfsreynslu sem verkfræðingur eða tæknifræðingur í verkefnum sem snúa að gatna- og stígahönnun í þéttbýli.

Gatnahönnuður getur einnig verið hönnunarstjóri verksins uppfylli hann þær kröfur sem gerðar eru til hönnunarstjóra.

Landslagsarkitekt

Gerð er krafa um að landslagsarkitekt hafi a.m.k. 5 ára almenna starfsreynslu sem landslagsarkitekt í verkefnum sem snúa að gatna- og stígahönnun í þéttbýli og gerð gróður- og plöntuteikninga til útboðs.

Landslagsarkitekt getur einnig verið hönnunarstjóri verksins uppfylli hann þær kröfur sem gerðar eru til hönnunarstjóra.

Hönnuður blágrænna ofanvatnslausna

Við hönnun ofanvatnslausna er gert ráð fyrir teymisvinnu verk- eða tæknifræðings og landslagsarkitekts. Gerð er krafa um a.m.k. 5 ára almenna starfs- og hönnunarreynslu. Hvor starfsmaður teymisins skal hafa reynslu af hönnun á sínu sérsviði, þar sem blágrænum ofanvatnslausnum hefur verið beitt og/ eða hafa aflað sér sérkunnáttu á því sviði.

Hönnuðir ofanvatnslausna geta samhliða sinnt öðrum verkþáttum hönnunar, s.s. gatna- og landslagshönnun uppfylli þeir fram komnar hæfiskröfur.

Lýsingarhönnuður

Gerð er krafa um að verkið annist viðurkenndur lýsingarhönnuður með a.m.k. 3 ára reynslu við hönnun gatna- og svæðislýsingar.

Raflagnahönnuður

Gerð er krafa um að verkið annist verk-, tækni- eða iðnfræðingur með a.m.k. 3 ára reynslu við hönnun rafdreifikerfa.

Hönnuður snjóbræðslu

Gerð er krafa um að verkið annist lagnahönnuður með B.Sc. próf í verkfræði eða tæknifræði frá viðurkenndum háskóla sem hefur a.m.k. 3 ára starfsreynslu við hönnun lagnakerfa.

Hljóðvistarhönnuður

Gerð er krafa um að verkið annist viðurkenndur hljóðvistarhönnuður með a.m.k. 3 ára reynslu við hljóðvistarhönnun gatna í þéttbýli.

Tækniteiknari

Tækniteiknari skal hafa reynslu í gerð teikninga í gatna- og stígagerðarverkefnum.

Mælingamaður

Gerð er krafa um að mælingamaður hafi a.m.k. 3 ára starfsreynslu af mælingum

Ráðgjafi við gerð útboðsgagna og kostnaðaráætlana

Gerð er krafa um a.m.k. 5 ára almenna starfsreynslu sem verkfræðingur eða tæknifræðingur og að hann hafi reynslu af gerð útboðsgagna og kostnaðaráætlana sem snúa að gatna- og stígahönnun í þéttbýli.

Ráðgjafi við gerð útboðsgagna og kostnaðaráætlana getur einnig verið hönnunarstjóri og/ eða gatna- og stígahönnuður uppfylli hann þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Kaupandi áskilur sér rétt til að vísa frá tilboðum bjóðenda sem hafa ekki staðið sig við framkvæmd fyrri og/ eða yfirstandandi samninga við kaupanda/ opinbera kaupendur. Við mat á því hvort framangreindri heimild verði beitt verður m.a. litið til upplýsinga og gagna kaupanda/ opinberra kaupenda um erfið samskipti bjóðanda við kaupanda og/ eða eftirlitsaðila á samningstíma, ítrekuð eða alvarlegt brot bjóðanda á ákvæðum samnings aðila við framkvæmd samnings, tafir o.fl.

Við mat kaupanda á hæfi og reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er kaupanda heimilt að taka tillit til hæfi og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af tilteknu verkefni og leggja slíkt hæfi og reynslu að jöfnu við hæfi og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði bjóðanda.

A. Upplýsingar um hæfi vegna starfsréttinda, sbr. kafla 0.4.1

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegu vottorði frá heimaríki sínu.

B. Upplýsingar um hæfi vegna fjárhagsstöðu, sbr. kafla 0.4.2

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. Sé síðastgerður ársreikningur ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda er heimilt að leggja fram yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda um jákvæða eiginfjárstöðu umsækjanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu umsækjanda eigi fyrr en 10 dögum fyrir opnunartíma tilboða og eigi síðar en degi fyrir opnunartíma tilboða.

C. Upplýsingar um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu, sbr. kafla 0.4.3

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu skila starfsferilskrám og tilvísunum í samræmi við kröfur settar fram í kafla 0.4.3.

D. Upplýsingar um laun, starfskjör og keðjuábyrgð, sbr. kafla 1.11

- ✓ Bjóðandi skal skila undirritaðri yfirlýsingu um ábyrgð sína varðandi það að hann tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

E. Upplýsingar er varða verkefnið

- ✓ Útfyllt og undirritað tilboðsblað (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfylltur og undirritaður matsþáttalisti (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)

Ekki er tryggt að merktir liðir séu tæmandi listi yfir gögn sem bjóðendum ber að skila og er rík skylda lögð á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann það að valda ógildingum tilboðs.

0.6 Gerð, framsetning og afhending tilboðs

Tilboð skal sett fram í tilboðsbók og skilað ásamt umbeðnum gögnum með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Bjóðandi skal í tilboði sínu gera ráð fyrir öllum kostnaði og gjöldum sem hann skal bera, hvaða nafni sem þau nefnast, sem hljótast af vegna verkefnisins eins og því er lýst í þessum útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæðir skulu tilgreindar án virðisaukaskatts.

Sé ósamræmi á milli tilboðsskrár og tilboðsblaðs verða tilboð leiðrétt m.t.t. tilboðsskrár.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

Kaupandi mun ekki greiða fyrir kostnað bjóðanda sem hlýst vegna þátttöku og tilboðsgerðar í þessu útboði.

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku og/eða ensku.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

0.6.1 Tilboð í hluta

Útboði er ekki skipt upp í hluta.

0.6.2 Fyrirvarar

Bjóðanda er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sitt. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði hafnað.

0.6.3 Frávikstilboð

Frávikstilboð eru óheimil.

0.6.4 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef Reykjavíkurborgar áður en tilboðsfrestur rennur út.

0.7 Opnun tilboða

Tilboð verða opnuð eftir að tilboðsfrestur rennur út.

Opnun tilboða fer fram á opnunarfundi með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Á opnunarfundi verða lesin upp nöfn bjóðenda, heildartilboðsupphæð og hvort tilboð séu sett fram sem frávikstilboð og skráð í fundargerð opnunarfundar. Fundargerðin verður birt opinberlega á vefsíðu Innkaupaskrifstofu eftir opnun tilboða.

Opnunarfundur fer fram í Borgartúni 12-14. Vegna aðstæðna í samfélaginu verður bjóðendum ekki boðið að vera viðstaddir opnunarfund, sjá má niðurstöðu í fundargerð opnunarfundar á vefslóðinni <https://reykjavik.is/opnun-tilboda-2021>.

0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs að uppfylltum skilyrðum um hæfi bjóðanda.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eftir því sem við á.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda.

0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningabætti, hryðjuverk, brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, mansali eða þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings. Skylda til að útiloka bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir framangreind brot, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yferráða í því.

Heimilt er að útiloka bjóðanda frá samningum ef eitthvað af tilvikum sem nefnd eru í 4. og 6. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016 eiga við um hann.

Við mat á því hvort skilyrði 3., 4. og 6. mgr. 68 gr. laga um opinber innkaup eigi við um bjóðanda skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós atvik samanber ofangreind ákvæði eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

0.10 Samþykki tilboðs og samningur

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Eftir að samningur er kominn á verður samningsform undirritað.

1. Samningsskilmálar

Í samningsskilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila þegar tilboð hefur verið endanlega samþykkt og eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli. Sá aðili sem kaupandi semur við að loknu innkaupaferli er hér eftir kallaður „seljandi“ og/ eða „bjóðandi“.

1.1 Verðlagsgrundvöllur

Leggja skal fram tilboð í íslenskum krónum. Öll tilboðsverð skulu sett fram með virðisaukaskatti.

Tilboðsverð skal vera fast út samningstímann. Ekki verða greiddar verðbætur á samningstímanum.

1.2 Greiðslur

Reikning skal gera samkvæmt verkstöðu og einingarverðum magnskrár þannig að skilmerkilega komi fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni. Við mat á verkstöðu skal haft samráð við verkkaupa svo að leiðrétting tefji ekki reikninga.

Reykjavíkurborg greiðir allt að 90% af samningsupphæð án aukaverka, ef einhver, á samningstíma. Eftir lokaskil á hönnun, útboðsgögnum og kostnaðaráætlun er greitt það sem eftir stendur af samningsupphæð. Aukaverk, ef einhver, eru greidd eftir að sýnd hefur verið afurð þeirra.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu reiknings. Ef reikningur er ekki sendur samkvæmt forskrift eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Þó Reykjavíkurborg greiði reikninga samkvæmt gjaldskrá sem ekki er staðfest af kaupanda felst ekki í því viðurkenning á nýrri gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli gildandi gjaldskrár.

Seljendur sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármála- og áhættustýringarsviðs í síma 411-1111 eða tölvupóstfang: bokhald@reykjavik.is.

1.2.1 Rafrænir reikningar

Seljandi skal senda reikning vegna verkefnisins eftir að vara, þjónusta eða verk hefur verið afhent og samþykkt af kaupanda.

Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

<http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.

Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: **570480-0149 (Reykjavíkurborg – Eignasjóður)**
- Kostnaðarstaður/deild: Umhverfis- og skipulagssvið
- Verknúmer og/eða verkþáttur: 223186
- Númer samnings/útboðsnúmer: 15652
- GLN kennitala: 5699112300426 (Kostnaðarstaður hjá Reykjavíkurborg)
- Sundurliðun á vöru og/eða þjónustu, magn og eining
- Listaverð án vsk., afsláttarprósenta og afsláttarverð án vsk.
- UNSPSC númer: 81102200
- Aðrar lögbundnar upplýsingar

Reikningur þarf að innihalda einhverja af eftirtöldum tilvísunum:

- Verkbeiðnanúmer vegna framkvæmda

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármála- og Áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða senda fyrirspurn á netfangið: rafraenir.reikningar@reykjavik.is.

Þjóðendur skulu gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna útgáfu og sendingu rafrænna reikninga í tilboðsverði sínu, þ.m.t. sundurliðun reikninga.

1.2.2 UNSPSC vöruflokkun

UNSPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opinn staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar.

Uppbygging UNSPSC vöruflokkunarstaðals sameinuðu þjóðanna:

- Vöruhópur (Segment): 10000000

- Flokkur (Family): 10100000
- Tegund (Class): e 10101501

Reykjavíkurborg gerir kröfu til seljanda að í öllum línum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer samkvæmt upplýsingum um rafræna reikninga.

Nánari upplýsingar um UNSPSC flokkunarkerfið má nálgast á <https://www.unspsc.org/>.

1.3 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Samningur um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

1.4 Afhending og afhendingarskilmálar

Bjóðandi skal tilkynna verkkaupa skriflega um lögð mætar tafir skv. ÍST - 30 jafnskjótt og þær verða að hans mati. Um slíkar tafir svo og öll ágreiningsatriði skal semja svo fljótt sem auðið er og ganga frá skriflega.

Bjóðandi skal hefja verk sitt strax eftir samþykkt tilboðs.

Bjóðandi skal ljúka verkinu, þ.e. skila fullgerðum teikningum og útboðsgögnum, í samræmi við eftirfarandi skiladaga. Fylgi bjóðandi ekki eftir þessari áætlun og sinni ekki verkinu sem skyldi, hefur verkkaupi rétt til að taka verkið í heild af honum að undangenginni skriflegri aðvörun.

4. janúar 2023	Verkhönnun skilað til yfirlestrar hjá kaupanda
18. janúar 2023	Athugasemdum við verkhönnun skilað til bjóðenda
1. febrúar 2023	Endanlegri verkhönnun skilað til kaupanda
6. janúar 2023	Útboðsgögn afhent kaupanda til yfirlestrar
11. febrúar 2023	Auglýsing framkvæmdaútboðs

Verkhönnun, sem skilað verður til yfirlestrar hjá kaupanda, fer meðal annars í umferðaröryggisrýni og skulu gögnin sett upp í samræmi við það.

Kostnaðaráætlun fyrir útboðið skal skila a.m.k. þremur virkum dögum fyrir opnun tilboða, en áætlaður kostnaður skal liggja fyrir þegar sótt er um útboðsnúmer. Þar skal koma fram sundurliðað í tvö skjöl annars vegar áætlaður verktakakostnaður og hins vegar áætlaður efniskostnaður verkkaupa. Einnig milli verkkaupa og Veitna ef svo ber undir.

1.5 Févíti

Dragist afhending umfram umsaminn skiladag af orsökum sem ekki verða raktar til kaupanda, þá getur kaupandi krafist seljanda um févíti 0,2% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern byrjaðan almanaksdag sem afhending dregst umfram umsaminn skiladag. Þó skal hámark févíta vera sem svarar 10% af heildarsamningsfjárhæð. Sé hámarki févíta náð telst það veruleg vanefnd á samningi. Heimilt er að skuldafafna af heildarsamningsfjárhæð hafi greiðslur vegna févítis ekki skilað sér.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févíti sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki takmarka kaupanda til að sækja frekari bóta sé þess þörf vegna dráttá á afhendingu skv. lögbundnum vanefndarúrræðum gangi þau lengra en ákvæði þetta.

1.6 Óviðráðanleg ytri atvik

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. viðskiptahamlana, flutningsskaða, eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka, hópslysa, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða truflunar á fjarskiptum eða orkuveitum skal seljandi eða kaupandi tilkynna eins fljótt og við verður komist um slíkar aðstæður og skilgreina á hvaða hátt það hefur áhrif á samningskyldur þeirra. Séu einhverjar af ofantöldum aðstæðum fyrir hendi skal ekki beita vanefndarúrræðum ef seljanda eða kaupanda er ókleift að uppfylla samningskyldur sínar enda hafi slíkar aðstæður verið tilkomnar eftir gildistöku samnings og ekki fyrirsjáanlegar í aðdraganda samnings.

1.7 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um hans starfsemi.

Seljandi skal hafa gildandi starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi hans. Hann skal afhenda verkefnisstjóra kaupanda afrit af tryggingarskírteinum fyrir þeim starfsábyrgðartryggingum, sem hann hefur vegna verksins á hverjum tíma.

Kaupandi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna þessa samnings

1.8 Misræmi í gögnum

Lögð er rík skylda á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega. Ef seljandi verður var við ósamræmi í útboðsgögnum eftir að samningur er kominn á skal seljandi tafarlaust tilkynna kaupanda það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er seljandi eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Vanræki seljandi að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi vara er afhent fellur réttur seljanda til bóta niður. Kaupandi á rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð sem leiða af framansögðu.

1.9 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda.

Seljanda er óheimilt að binda kaupanda á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á samningstímanum. Einnig er seljanda óheimilt, án sérstaks samþykkis kaupanda, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkefninu og kaupandi hefur greitt fyrir.

Vara sem kaupandi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda vörunnar, án sérstaks samþykkis kaupanda.

1.10 Skuldskeyting - undirverktaka

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli seljandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti, í kjölfar samþykktar kaupanda, skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

1.11 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

Þá skal kaupanda heimilt að greiða vangoldnar greiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svarar til launatengdra greiðslna, á kostnað seljanda standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur sbr. 42. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Efni seljandi ekki samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði þessa kafla er kaupanda heimilt að beita ákvæðum sem fram koma í kafla 1.5 og í kafla 1.14.

1.12 Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga). Lögin eru byggð á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) eða „GDPR“.

Í útboðsgögnum þessum er ekki gert ráð fyrir að bjóðendum verði falin vinnsla persónuupplýsinga á vegum Reykjavíkurborgar sem ábyrgðaraðila í skilningi 7. tl. 3. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018 á samningstímanum. Komi upp síðar á gildistíma samnings að slík vinnsla persónuupplýsinga verði þörf skal engin vinnsla fara fram af hálfu vinnsluaðila fyrr en búið er að gera grein fyrir umfangi vinnslu persónuupplýsinga og heimildum til vinnslu þeirra samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga í vinnslusamningi samkvæmt 25 gr. laganna og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til vinnsluaðila lögum samkvæmt.

Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar má sjá í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

1.13 Ábyrg innkaup

Sem hluti af ábyrgum innkaupum Reykjavíkurborgar hafa verið settar fram stefnur í ýmsum málaflokkum. Kaupandi hefur tekið mið af stefnum Reykjavíkurborgar varðandi ábyrg innkaup í þessu útboði.

1.14 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðsgagna þessa. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Afhandi seljandi vöru, í eitt skipti, sem ekki uppfyllir kröfur kaupanda samkvæmt útboði þessu, er kaupanda heimilt að rifta samningi án frekari fyrirvara.

1.15 Lög og reglugerðir

Seljandi skal lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Seljandi skal tryggja að afhent vara og/eða þjónusta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að á hverjum tíma út samningstímamann.

1.16 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi útboðslýsing fjallar um, skulu aðilar reyna sitt ítrasta til að ná sáttum og jafnvel leita formlegrar sáttamiðlunar hjá sáttamiðlara en að öðrum kosti skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

1.17 Höfundar- og eignarréttur

Kaupandi verður eigandi allra gagna sem til verða við vinnslu verkefnisins eins og því er lýst í samningi þessum, s.s. greinargerðum, uppdráttum, skuggavarpsgögnun, þrívíddarlíkönnum, þrívíddarmyndum og skýringaruppdráttum. Kaupanda er heimilt að vinna með þessi gögn áfram, breyta þeim og/eða fela öðrum útfærslu þeirra sbr. 1. mgr. 28.gr. höfundalaga nr. 73/1972.

2. Tæknilýsing

2.1 Almenn

2.1.1 Yfirlit

Verkhanna skal endurgerð hluta Rofabæjar og Bæjarbrautar í forni borgargötu. Svæðið sem um ræðir nær frá og með gatnamótum við Skólabæ vestur yfir gatnamót við Bæjarbraut sem og upp Bæjarbraut að hringtorgi við Hraunbæ. Frum- og forhönnun hefur verið unnin fyrir Rofabæ frá Hraunbæ að Fylkisvegi sem og Bæjarbraut frá Rofabæ að Hraunbæ. Einnig fyrir breytingu bílastæðis við Árbæjarkirkju og Ársel í almenningstorgsvæði. Verkhönnun þessi er fyrsti hluti heildarverksins og samanstendur af fyrstnefnda hluta verksins. Aðrir hlutar verksins verða boðnir út síðar í verkhönnun.



Mynd 1 Yfirlitsmynd af heildarsvæði og því svæði sem verkhanna skal í 1. áfanga verksins.

Í forhönnun hefur gönguleiðum verið gert hærra undir höfði og hjólastígar komnir inn í götumyndina. Þá hefur hraðahindrunum, þrengingum og koddum verið skipt út fyrir upphækkuð svæði og hlykki í legu götunnar. Með þessu er ýtt undir notkun virkra ferðamáta og hraða haldið niðri eftir beinni götunni á þægilegri máta en í dag og almenningsvagnar komast áfram í gegn.

Verkhanna skal almenningsrými sem búa yfir aðráttarafli og eru í senn skjólsæl, aðlaðandi og hönnuð út frá algildri hönnun (e. universal design). Torg við borgargöturnar er tileinkað þeim er ferðast með vistvænum ferðamátum og þeim er sækja þjónustu á svæðinu. Þar verða grenndargámar, hjólastæði, almenningsvagnastöðvar, dvalarsvæði og gróður. Torgið og gatan mynda eina stóra heild og tvinna saman ólík svæði. Upphækkuð gróðurbeð með innbyggðum bekkjum og lýsingu eru notuð til þess að brjóta upp stóra fleti eftir götunni og á torgum sem og til að skerma fyrir norðanáttinni. Gatnalýsing skal endurnýjuð þannig að hún skapi vellíðan og tryggi öryggi allra vegfarenda. Gegndræpi svæðisins er aukið með yfirborðsvali og útfæra skal blágrænar ofanvatnslausnir hvar sem möguleiki er á. Fagurt og stílhreint yfirborðið hleypir lífi gegnum sig en hellulögn skal markvist notuð til þess að brjóta upp stóra fleti og spinna saman torgsvæði og götur.



Mynd 2 Torg, stöð almenningsgangna og hluti af borgargötum (forhönnun)

Í verkhönnun skal meðal annars útfæra forhönnunina með nánari útfærslum á yfirborðefnum, svo sem hellumynstri og samsetningu steyptra hellna og grágrýtisbanda til þess að brjóta rýmið upp. Hanna þarf snjóbræðslu í allt torgsvæðið, en hönnun snjóbræðslu fór ekki fram í forhönnuninni. Einnig þarf að útfæra setbekki/ gróðurbeð (staðsteyppt eða forsteyppt), sem eiga að vera með innfelldri lýsingu og velja endanlegan gróður með hliðsjón af forhönnuninni. Mikilvægt að fylgja frum-/ forhönnunargögnum þegar kemur að hönnun heildaryfirbragðs torgsvæðisins, en nánari útfærslur eru frjálssar í verkhönnuninni.

Reiknað er með einu verkútboði í framkvæmdina. Þjóðanda ber að fullhanna breytingarnar í heild sinni. Í megindráttum felur verkið í sér hönnun á breytingum á götum, gangstéttum og torgsvæðum ásamt breytingum á gatnalýsingu, veitum og ofanvatnskerfum. Veitu- og ofanvatnskerfi eru hönnuð af hönnuðum Veitna en hönnunarstjóri þjóðanda skal vera samræmingarhönnuður alls verksins. Hanna skal áfangaskiptingu, vinnusvæðamerkingar og umferð á framkvæmdatímanum.

Töluvert af lögnum eru á svæðinu og gera þarf ráð fyrir breytingum á lögnum vegna þessa verks, sérstaklega breytingum á hitaveitukerfi og rafmagnslögnum og munu Veitur sjá um hönnun á sínum lögnum.

Gera skal útboðsgögn fyrir eftirlit með framkvæmd verksins.

2.1.2 Samskipti við verkkaupa og veitufyrirtæki

Verkkaupi skipar verkefnisstjóra með verkinu, verkfræðing eða tæknifræðing. Honum til aðstoðar verða fulltrúar þeirra stofnana, sem unnið er fyrir. Verkefnisstjóri kemur fram fyrir hönd verkkaupa og ber þjóðanda að hlíta fyrir mælum hans.

Verkkaupi mun halda viku- til hálfsmánaðarlega fundi með þjóðanda. Reikna má með að hver fundur taki um 1 klst. Þá fundi sitja auk fulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs, sem er verkefnisstjóri, fulltrúar veitufyrirtækja og aðrir aðilar þegar þeirra er þörf. Þjóðandi skal gera fundargerðir fyrir alla verkfundi.

Á fundum þessum skal bjóðandi leggja fram þær fyrirspurnir, sem hann þarf að fá svör við.

Reynt verður að greiða úr þeim spurningum á fundunum eða innan tveggja daga frá fundinum.

Fundir verða haldnir í Borgartúni 12-14 eða sem fjarfundir á Webex eða Teams.

Öll samskipti við veitufyrirtæki og aðra aðila sem koma að hönnuninni skulu fara fram í gegnum verkefnisstjóra eða eftir hans fyrirmælum.

Við hönnun verksins ber að hafa nána og góða samvinnu við veitufyrirtæki þ.e. Veitur ohf., Orku Náttúrunnar ohf., Ljósleiðarann ehf. og Mílu ehf. Bjóðandi skal sjá um að veitufyrirtæki fái öll gögn, teikningar og annað sem um er beðið.

Reikna skal með að veitufyrirtæki þurfi allt að 10 virka daga til að fullbúa gögn sín eftir að þeir hafa móttekið endanlega gögn frá bjóðanda. Mjög mikilvægt er að bjóðandi geri sér grein fyrir þætti veitufyrirtækja og reikni með þeirra þætti í gerð tímaáætlunar. Að lokinni vinnu veitufyrirtækja skal bjóðandi sjá um að setja gögn þeirra s.s. verklýsingu inn í útboðs- og verklýsingu Umhverfis- og skipulagssviðs ásamt magntölum inn í heildarmagntöluskrá og teikningum inn í teikningasett.

2.1.3 Skil og yfirferð gagna

Bjóðandi skal miða alla framsetningu gagna við hefðir þær sem eru hjá Reykjavíkurborg í sambærilegum verkum. Bjóðandi skal eins fljótt og auðið er leggja fram áætlun um skipulag og uppsetningu uppdráttar til samþykktar hjá verkefnisstjóra.

Þegar útboðsgögn og önnur gögn eru fullbúin skal bjóðandi afhenda verkefnisstjóra gögnin til skoðunar, þ.e. teikningar, útboðs- og verklýsingu ásamt tilboðsskrá.

Bjóðandi skal skila gögnum til rýni, áður en þau eru fullbúin.

Þá skal bjóðandi leggja fram rökstuðning fyrir þeim lausnum sem hann velur, ef verkkaupi óskar þess, verkkaupa að kostnaðarlausu.

Verkkaupi skoðar gögn bjóðanda, og skal bjóðandi hlíta þeim ábendingum sem fram eru settar. Ef verkkaupi getur sýnt fram á að ekki hafi verið valin hagkvæmasta lausnin við úrvinnslu verkefnisins getur hann krafist þess að bjóðandi endurvinni það sem ábótavant er, verkkaupa að kostnaðarlausu.

Skoðun verkkaupa á gögnunum leysir bjóðanda á engan hátt undan ábyrgð þeirri, er á honum hvílir um gæði verksins.

Verkkaupa er heimilt að nota tölvutæk gögn frá bjóðanda við áframhaldandi hönnun eða breytingar. Þar með áskilur verkkaupi sér rétt til að afhenda öðrum ráðgjöfum gögnin í þessu skyni.

Verkkaupa er heimilt að taka tölvutæk gögn inn í Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR) og Landupplýsingakerfi Veitna (LUKOR) og nýta þau eins og önnur gögn, sem í upplýsingakerfunum eru.

Öllum gögnum skal skila fullbúnum til útboðs. Í teikningasetti skulu auk gatna- lagna-, þversniðsteikninga og annarra hönnunarteikninga, s.s. frá Veitum, vera yfirlitsmyndir sem sýna staðsetningu vinnusvæða, útboðsmörk, heimæðar, húsnúmer, götuheiti, núverandi lagnir veitufyrirtækja, aðkomuleiðir, vinnusvæðamerkingar og fleira sem þarf. Þess skal gætt að yfirlitsmyndir séu greinagóðar.

Öllum gögnum þ.e. útboðs- og verklýsingum, tilboðsskrám, kostnaðaráætlunum, ber að skila á pdf formi, AutoCAD formi, Excel formi eða öðru tölvutæku formi sem verkkaupi samþykkir. Uppsetning teikninga, lagskiptingar, lagheiti o.fl. skulu vera samkvæmt forskrift eða óskum verkkaupa. Sama á við um skil gagna inn í LUKR og LUKOR.

Áður en framkvæmdir hefjast skal bjóðandi afhenda nauðsynleg útsetningargögn s.s. CAD grunna, hnitaskrár og LandXML skrár eða önnur sambærileg nothæf gögn til notkunar við vélstýringu vinnuvéla.

2.1.4 Mælingar

Innmæling hefur farið fram á hluta svæðisins, bjóðandi þarf að gera ráð fyrir að bæta þurfi við innmælingum á svæðinu til að klára fullnaðarhönnun. Hæðarmælingar eru bæði grundvöllur hæðarhönnunar og framkvæmdauppgjörs verksins og skal þéttleiki mælipunkta taka mið af því. Áriðandi er að mælingar er varða tengingar við núverandi gatna og lagnakerfi verði sem nákvæmastar. Bjóðandi skal leggja til öll tæki sem til þarf.

2.1.5 Jarðvegsathuganir – prufuholur - mengun

Ekki hafa verið gerðar neinar jarðvegsathuganir á svæðinu.

2.1.6 Hnita- og hæðarkerfi

Nota skal hnitakerfi Reykjavíkur og hæðarkerfi Reykjavíkur við verkhönnunina. Forhönnunargögn eru í hnita- og hæðarkerfi Reykjavíkur.

2.1.7 Stærð teikninga og mælikvarðar

Við gatnahönnun skal miða við blaðstærð A2. Texti þarf að vera læsilegur þótt teikning sé minnkuð niður í A3 í útprentun. Skrá skal blaðstærð hönnunar (frumstærð) á teikningu og setja inn texta sem segir til um að um smækkaða teikningu sé að ræða þegar svo er.

2.1.8 Planlega

Í forhönnun hefur planlega verið lögð í borgargötturnar með því markmiði að mæta bæði kröfum um lágan ökuhraða og samtímis greiðfærni almenningsvagna. Slíku hefur verið náð með hlykkjum í götu, mis-gröfu yfirborði og upphækkuðum flötum. Innkeyrslur eru í gangstéttahæð og miðar öll hönnun að því að ýta undir virka ferðamáta sem og að stuðla að aðgengi allra. Mikilvægt er að viðhalda þessum atriðum í verkhönnun og klára útfærslu þeirra á viðeigandi máta í samvinnu við kaupanda. Einnig er nauðsynlegt að samtvinna torgsvæðið, núverandi svæði við verslunarmiðstöð og götuna við núverandi götumynd á upphafs- og endastöðvum. Nánari upplýsingar um planlegu gatna og torga er að finna í texta í meðfylgjandi frum- og forhönnunarhefti.

2.1.9 Hæðarlega

Bjóðandi skal leggja hæðarlegu í torgsvæði, götur og stíga. Leitast skal við að haga hæðarlegu þannig að sem ódýrust útfærsla fái átt þess að það komi niður á "gæðum". Hæðarlega gatna og stíga skal taka mið af aðliggjandi götum og stígum og skal hæðarlega stíga einnig taka mið af hæðarlegu bygginga sem liggja að þeim. Við hæðarhönnun skal m.a. tekið tillit til aðgengis fyrir alla, umferðaröryggis, aðgengis, umferðarhávaða, umferðarflæðis og ofanvatnslausna. Drög að hæðarlegu liggja fyrir úr forhönnun sem þarf að vinna áfram í verkhönnuninni.

Ný hæðarlega á svæðinu er í svipaðri hæð og núverandi gata og bílastæði. Á nokkrum stöðum er yfirborð akreina þó hækkað upp svo það nái næstum hæð kantsteina. Mögulega þarf að endurskoða planlegu í verkhönnun vegna aðlögunar skv. innmælingu. Aðlaga skal hæðarlegu að núverandi hæð í ytri köntum gatna og torgs.

2.1.10 Blágrænar ofanvatnslausnir

Miðað er við að nýta græn svæði til þess að beita blágrænum ofanvatnslausnum við meðhöndlun og skal bjóðandi hanna blágrænar ofanvatnslausnir á svæðinu hvar þar sem því verður við komið,

t.d. í formi regnbeða. Yfirborði hefur að miklu leiti verið skipt úr malbiki og steypu í hellulögn en að sama skapi hafa malbikaðir hjólastígar komið inn þar sem í dag er gras.

Í dag eru niðurföll í norðurkanti akreina og mun þurfa að færa þau við breytta legu akreina en færsla þeirra er í höndum hönnuða Veitna. Góð samskipti skulu vera milli hönnuða bjóðanda og hönnuða Veitna við að finna lausn blandaða af blágrænum og hefðbundum ofanvatnslausnum.

2.1.11 Gróðursvæði og heildaryfirbragð torgs

Hönnun gróðursvæða og mótun á heildaryfirbragði torgsvæðisins skal vera í höndum landslagsarkitekta. Val og staðsetning á trjátegundum og hæð þeirra skal taka mið af sjónlínunum, og leitast skal við að skapa rými á torginu, án þess þó að fara inn í sjónlínur frá götunni eða stígunum. Allt val og staðsetning á gróðri nærri götum og stígum verður að taka mið af umferðaröryggi. Lággróður næst götunum skal valinn með hliðsjón af saltáhrifum frá götusvæði.

2.1.12 Gatnalýsing, stígalýsing og lýsing á torgi

Skoðun lýsingar fór fram í frum- og forhönnunarvinnunni sjá samantekt skoðunar í greinargerð forhönnunar. Bjóðandi skal yfirfara og meta niðurstöður skv. forhönnunargögnum. Bjóðandi skal hanna lýsingu samkvæmt viðurkenndum stöðlum og nota til þess viðurkennd forrit til ákvörðunar á lýsingarmagni. Skoða þarf sérstaklega lýsingu þar sem gönguleiðir þvera götur. Bjóðandi skal miða hönnun sína við það efnisval sem verkkaupi samþykkir.

2.1.13 Raflagnir fyrir borgargötur og torg

Bjóðandi skal hanna raflagnir fyrir lýsingu, jólalýsingu, viðburðartengla og mögulega rafhjólableðslustöðvar samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Allar raflagnir skal hanna í samráði við ON sem hefur yfirumsjón með hönnun og lagningu strengja sem tengjast gatnalýsinga- og rafbílahleðslukerfi Reykjavíkurborgar.

2.1.14 Snjóbræðsla

Bjóðandi skal hanna snjóbræðslulagnir fyrir torgsvæði. Heitt vatn er til ráðstöfunar frá Veitum og skal útfærsla unnin í samvinnu við Veitur. Ekki liggur fyrir forhönnun af snjóbræðslu. Ekki liggur fyrir staðsetning stjórnbúnaðar fyrir snjóbræðslu eða staðsetning á kistum.

2.1.15 Hljóðvarnir

Hljóðvist er í dag yfir viðmiðunarmörkum við Rofabæ 23, 27, 29 og 31 samkvæmt hljóðvistarútreikningum í forhönnun. Breytt lega götunnar hefur ekki áhrif á hljóðvist við þessi hús og er hámarkshraði þar í dag 30 km/ klst. Til að bæta hljóðvist við þessi hús er lagt til að notast við 1,4 m háan hljóðvegg við lóðarmörk. Ekki er rými fyrir hljóðmanir. Hljóðkort fyrir og eftir breytingar er í teikningahefti.

2.1.16 Skilti og merkingar

Bjóðandi skal staðsetja ný skilti þar sem við á og hanna yfirborðsmerkingar fyrir götu, hjólastíga og gangbrautir. Ekki hefur verið gerð tillaga að merkingum né staðsetningu skilta í forhönnun.

2.1.17 Breytingar og raunteikningar

Ef verkkaupi óskar eftir breytingu á hönnun og teikningum eftir útboð skal miða greiðslur til bjóðanda við einingaverð í tilboði ef kostur er, annars verður greitt fyrir breytingar á tímagjaldi bjóðanda skv. tilboði. Greitt verður skv. tímagjaldi fyrir lagfæringu teikninga (raunteikningar) eftir að framkvæmdum lýkur. Sama á við um gerð sérstakra gagnaskráa fyrir LUKR og LUKOR óski verkkaupi eftir slíkum skráum.

2.2 Magntökuskýringar

2.2.1 Hönnunarstjóri

Hönnunarstjóri stýrir hönnun og samræmingu milli allra þeirra sem að hönnuninni koma, bæði frá bjóðanda og öllum veitum, og því sem að verkkaupa snýr í hönnunarvinnunni. Einnig skal hönnunarstjóri vera fundarstjóri og bera ábyrgð á ritun fundargerða. Bjóðandi skal gera ráð fyrir að hönnunarfundir verði á viku til hálfsmánaðar fresti. Ef kalla þarf til einstaka hönnuði skal það gert í samráði við verkefnastjóra USK og verður greitt fyrir slíkt í tímavinnu.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður heildarverð fyrir hönnunarstjóra. Einnig verður greitt fyrir stk. af ritun fundargerða hönnunarfunda.

2.2.2 Landmælingar

Bjóðandi skal gera nauðsynlegar mælingar sem þarf til að geta klárað hönnun sína.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður tímagjald fyrir landmælingar. Mælitæki, allur búnaður og akstur skal vera innifalinn í tímagjaldinu.

2.2.3 Yfirlitsteikningar

Bjóðandi skal gera yfirlitsteikningar þar sem sýnd eru útboðsmörk, verkáfangar, aðkomuleiðir, upprif o.fl. Einnig skal bjóðandi gera teikningalista og forsiðu.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður heildarverð fyrir yfirlitsteikningar, teikningalista og forsiðu.

2.2.4 Gatna- og torghönnun

Bjóðandi skal hanna borgargötur í plani og í hæð. Innifalið í hönnun borgargatna eru hraðalækkandi aðgerðir ýmiskonar, hjólastígar, gangstéttar, niðurtektir, eyjur, gönguþveranir, gangbrautir, 30 km hlið og upphækkaðar innkeyrslur. Einnig er innifalið að ganga úr skugga um að aðgengi sé fyrir alla og leiðarlínur séu samkvæmt reglum þar um. Upplýsingar um færslu niðurfalla skal komið til skila til hönnuða Veitna.

Bjóðandi skal hanna torgsvæði með dvalarsvæðum og setbekkjum, aðlaga að núverandi bílastæðum og staðsetja grenndarstöð í plani og hæð á djúpgámum. Skila skal teikningum sem sýna plan- og hæðarlegu þessara hönnunarhluta, halla á þeim og annað sem máli skiptir þ.m.t. tengingum við núverandi götur/ gangstéttar. Einnig skal bjóðandi koma upplýsingum til skila um færslu á niðurföllum núverandi gatnahluta til Veitna. Yfirborðsfrágangur og heildaryfirbragð svæðisins skal unnið í samráði við landslagsarkitekt.

Einnig skal skila inn kennisniðsteikningum sem sýna hvernig götur og stéttar skulu vera uppbyggðar. Hafa skal samráð við verkefnisstjóra um uppsetningu teikninga.

Bjóðandi skal hanna almenningsvagnstöðvar á tveimur stöðum. Eina á Bæjarbraut í lengd og útfærslu hefðbundinnar strætóstöðvar og eina með tveimur brautarpöllum í lengd og útfærslu borgarlínustöðvar sem fyrst um sinn verða nýtt af strætó. Hin síðarnefnda skal útfærð í samvinnu við hönnunarhóp Borgarlínu.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður fast verð fyrir lengdarmetra [m] borgargötu. Greitt verður fast verð á flatarmál [m²] fyrir hönnun á torgsvæðinu með grenndarstöð og öðrum tilgreindum atriðum á torgi. Greitt verður fast verð fyrir almenningsvagnastöðvar [stk].

2.2.5 Gróður

Bjóðandi skal gera teikningar sem sýna öll gróðurbeð og gróðursvæði sem eru á framkvæmdasvæði 1. hluta, tilgreina staðsetningu, fjölda og gæðakröfur allra plantna og stakra trjáa. Bjóðandi skal einnig gera lista yfir plöntur sem verða ætlaðar til verksins með tilheyrandi lýsingu fyrir innkaup þeirra. Taka skal tilliti til aðgengis fyrir alla og þess gætt að plöntur sem verða fyrir valinu séu ekki ofnæmi- og/eða astmavaldandi. Sérdeili skal vera af uppbyggingu gróðurbeða sem og stakra trjáa í hellulögn.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður heildarverð fyrir hönnun gróðursvæða.

2.2.6 Hönnun blágrænna ofanvatnslausna

Bjóðandi skal fullhanna blágrænar ofanvatnslausnir fyrir verkið í heild sinni skv. tæknilýsingu. Fullnaðarhönnun á ofanvatnslausnum skal innifela kennisnið og hæðarsetningu, tengingar við fráveitukerfi, efnisval og gróðurval. Útbúa skal rekstraráætlun, áætla framkvæmdarkostnað, rekstrarkostnað og kostnaðarskiptingu milli verkkaupa. Hönnuður skal einnig skila viðhaldsáætlun fyrir blágrænar ofanvatnslausnir.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er heildarverð fyrir hönnun blágrænna ofanvatnslausna.

2.2.7 Hönnun lýsingar á borgargötum og torgi

Bjóðandi skal yfirfara og meta niðurstöður skv. forhönnunargögnum og í framhaldinu verkanna lýsingu á torginu, götum, hjólastígum og gangstéttum ásamt gangbrautum í samræmi við ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar. Lýsingin skal unnin samkvæmt ritunum „Lýsing gangbrauta og göngupverana“ og „Götu- og stígalýsing hönnun“ (VLD-062, útgáfa 02 ásamt gátlista) frá Reykjavíkurborg, viðurkenndum stöðlum og í nánu samráði við verkefnisstjóra verkkaupa. Skoða þarf sérstaklega lýsingu þar sem gönguleiðir þvera götur. Snjallgangbrautarlýsing sem er á svæðinu í dag skal halda sér en mögulega þarf að færa hana lítillaga til, hún er rétt austan við gatnamót Rofabæjar og Bæjarbrautar.

Sérstök áhersla er á að lýsing á torgi sé þannig úr garði gerð að lýsing þar sé upplifun, skapi stemningu og að þar sé góð lýsing. Bjóðandi skal hafa sérstakt samráð við verkkaupa og yfirborðshönnuð torgsins varðandi lýsingu á torgi. Gera skal efnislista skv. vöruskrá ON fyrir efni sem verkkaupi útvegar verktaka fyrir útboð.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður fast verð á lengdarmetra [m] borgargatna fyrir hönnun á gatna- og stígalýsingu, þ.m.t. göngupveranir og annað í götummynd. Fyrir lýsingu torga er greitt ákveðið verð á fermetra [m²] hannaðra torga með því er torginu tengist.

2.2.8 Hönnun raflagna fyrir lýsingu, viðburðartengla o.fl.

Bjóðandi skal yfirfara og meta niðurstöður skv. forhönnunargögnum og í framhaldinu verkanna raflagnir fyrir lýsingu á torginu, götum, hjólastígum og gangstéttum. Einnig skal hanna raflagnir fyrir gangbrautarlýsingu, lýsingu í strætóskýli og einnig möguleika á tenglum fyrir jólalýsingu við götu og

torgsvæði, viðburðartenglum við torgsvæði og fyrir möguleg rafhjólaleðslustæði. Hönnun skal unnin samkvæmt viðurkenndum stöðlum og í nánu samráði við verkefnisstjóra.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður fast verð á lengdarmetra [m] borgargatna, þ.m.t. með hjóla- og gönguleiðum, gangbrautum og stoppistöðvum inniföldum og fermetrum [m²] fyrir torg ásamt heild fyrir jólalýsingu, viðburðartengla og rafhjólaleðslustöðvar.

2.2.9 Hönnun snjóbræðslu

Bjóðandi skal hanna snjóbræðslu, stjórnstöð og stýringu fyrir torgsvæði með umframvatni skilgreindu af Veitum. Vinna skal útfærslu í samráði við Veitur.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður fast verð á fermetra [m²] hannaðra torga sem þarf að snjóbræða sem og heild fyrir stjórnstöð og stýringu.

2.2.10 Hljóðvistarhönnun

Bjóðandi skal hanna hljóðvarnir fyrir Rofabæ 23, 27, 29 og 31 þar sem hljóðvist er yfir viðmiðunarmörkum.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður fast verð á hvern lengdarmetra af hljóðvörn [m] eftir borgargötunni.

2.2.11 Skilti og merkingar

Bjóðandi skal staðsetja ný skilti þar sem við á og hanna yfirborðsmerkingar fyrir götu, hjólastíga og gangbrautir.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður heildarverð fyrir skilti og merkingar á svæðinu.

2.2.12 Vinnusvæðamerkingar og umferð á framkvæmdartíma

Bjóðandi skal gera vinnusvæðamerkingar fyrir verkáfangi þar sem m.a. eru sýndar aðkomuleiðir og hjáleiðir á verktíma.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður heildarverð fyrir vinnusvæðamerkingar.

2.2.13 Útboðsgögn og kostnaðaráætlanir

Bjóðandi skal gera útboðsgögn fyrir verkið. Um er að ræða gerð útboðs- og verklýsingar og tilboðsskrár ásamt teikningasetti.

Þá skal einnig skila kostnaðaráætlun og kostnaðarskiptingu. Einnig skal taka saman magn þess efnis sem verkkaupi útvegar framkvæmdaverktaka.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður heildarverð fyrir útboðsgögn, efnislista og kostnaðaráætlanir.

2.2.14 Útboðsgögn eftirlit

Bjóðandi skal gera útboðsgögn framkvæmdaeftirlits fyrir útboðsverkið. Um er að ræða gerð útboðs- og verklýsingar og tilboðsbók vegna framkvæmdaeftirlits.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður heildarverð fyrir útboðsgögn.

2.2.15 Tímavinna - Aukaverk

Bjóðandi skal skrá tímagjald tilgreindra hönnuða og starfsmanna vegna hugsanlegra aukaverka. Varðandi aukaverk skal semja um verð á grundvelli einingaverða tilboðs ef mögulegt, en sé slíkt ekki mögulegt verður greitt fyrir tímavinnu.

Magntölur og uppgjör:

Greitt verður fyrir unna klst. Innifalinn skal allur kostnaður þ.m.t. mælitæki, tölvur, hugbúnaður og aksturskostnaður.